



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 12. janúar 2009

Ákvörðun nr. 1/2009

Erindi Auðkennis hf. um framlengingu á undanþágu á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, vegna samstarfs banka og sparisjóða um öryggisbúnað í bankaþjónustu.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 21. nóvember 2008 barst Samkeppniseftirlitinu erindi Auðkennis hf. (hér eftir Auðkenni) þar sem óskað var eftir því að undanþága, sem Samkeppniseftirlitið veitti á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga með ákvörðun nr. 50/2006 vegna samstarfs banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og reksturs á svokölluðum Todos-öryggisbúnaði í netbankaþjónustu, yrði framlengd til 31. desember 2011.

Í erindi Auðkennis kemur fram að unnið sé að varanlegri lausn þeirra öryggismála sem Todos-öryggisbúnaði er ætlað að vernda. Um sé að ræða innleiðingu rafrænna skilríkja í samstarfi við fjármálaráðuneytið sem leysa muni fyrri öryggisbúnað af hólmi.

Fram kemur að vonir standi til þess að dreifing rafrænna skilríkja til almennings hefjist snemma árs 2009 en ljóst þygi að ekki muni takast á næstu mánuðum að innleiða skilríkin sem lausn á öryggisþörf í netbankaviðskiptum, m.a. í ljósi þess efnahagsástands sem ríkir hér á landi. Því sé þörf fyrir áframhaldandi samstarfi banka og sparisjóða um notkun á Todos-öryggisbúnaði í bankaþjónustu þar til innleiðing á varanlegri öryggislausn lýkur enda hafi innleiðing kerfisins skilað netbankanotendum auknu öryggi.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir rökstuðningi fyrir ástæðu tímalengdar áframhaldandi undanþágu á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga og barst sá rökstuðningur 17. desember sl. Fram kemur að áætlað sé að almenn dreifing rafrænna skilríkja ljúki ekki fyrr en á árinu 2011 þar sem endurnýjunarhraði debetkorta sé um þrjú ár. Í ljósi núverandi efnahagsástands sé ólíklegt að bandar og sparisjóðir muni endurnýja debetkort viðskiptavina sinna hraðar eins og vonir höfðu staðið til.



II.

Niðurstaða

Með bréfi dagsettu í mars árið 2006 gerði Auðkenni Samkeppniseftirlitinu grein fyrir fyrirhuguðu samstarfi banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og reksturs á svonefndum Todos-öryggisbúnaði.

Í ákvörðun nr. 50/2006 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að umrætt samstarf banka og sparisjóða færi í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Með heimild í ákvæði 15. gr. laganna var samstarfinu veitt undanþága frá ákvæði 10. gr. þar sem umræddur öryggisbúnaður var m.a. talinn til þess fallinn að bæta þjónustu banka og sparisjóða og efla efnahagslegar framfarir. Kveðið var á um að undanþágan gildi til 31. desember 2008.

Í erindi Auðkennis frá 21. nóvember sl. eru færð fram rök um að nauðsynlegt sé að framlengja umrædda undanþágu til ársins 2011. Samkeppniseftirlitið hefur lagt mat á fram komin sjónarmið og telur í ljósi aðstæðna unnt að fallast á þá beiðni.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í ákvæði 15. gr. samkeppnislaga og með vísan til ákvörðunar nr. 50/2006 og forsendna ákvörðunar þessarar, framlengir Samkeppniseftirlitið undanþágu samkvæmt ákvæði 10. gr. samkeppnislaga vegna samstarfs banka og sparisjóða við rekstur á Todos-öryggisbúnaði vegna netbankaviðskipta, með gildistíma til 31. desember 2011.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson